

Reglugerð nr. 303/2012 um rafræna skráningu dýralækna á dýrasjúkdómum og lyfjameðhöndlun



Björn Steinbjörnsson

26. apríl 2012

• Gildistaka

- Reglugerðin var sett 27. mars 2012
- Reglugerðin tekur gildi 1. nóvember 2012
- Dýralæknum gefinn tími til að aðlaga bókaldskerfi sín reglugerðinni til að forðast tvískráningu
- Matvælastofnun í samvinnu við velferðar- og sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneyti ljúki löggildingu rafrænna lyfseðla
- Annmarkar sniðnir af skráningarkerfinu

• Tilgangur og gildissvið

- Reglugerðin fjallar um rafræna skráningu dýrasjúkdóma, dýralæknisaðgerða og meðhöndlun dýra með lyfseðilsskyldum lyfjum. Tilgangurinn er að stuðla að bættu eftirliti með heilsufari dýra og heilnæmi afurða og leggja grunn að auknum forvörnum gegn sjúkdómum í dýrum.

• Skráningarkerfið Heilsa

- Dýralæknum sem meðhöndla búfé er skylt að skrá sjúkdómsgreiningar, lækniaðgerðir og meðhöndlun dýra með lyfseðilsskyldum lyfjum í Heilsu. Jafnframt ber þeim að skrá í Heilsu grun um tilkynningar- og skráningarskylda sjúkdóma og töku sýna í tengslum við slíkan grun.

• Skráning í Heilsu

- Skráning skal framkvæmd innan þriggja sólarhringa. Þegar um er að ræða notkun lyfja sem leiðir af sér afurðanýtingarbann, skal skráning framkvæmd samdægurs. Ef ekki reynist mögulegt vegna óviðráðanlegra atvika að skrá upplýsingar í samræmi við framangreinda tímafresti skal það gert svo fljótt sem auðið er og skal dýralæknir í slíkum tilvikum skilja eftir skrifleg fyrirmæli um afurðanýtingarbann.

- *Eftirlit með skráningum og notkun*

- Matvælastofnun hefur eftirlit með skráningum dýralækna í Heilsu. Jafnframt skal Matvælastofnun fylgjast með notkun og uppflettingum dýralækna og starfsmanna Matvælastofnunar í Heilsu. Dýralæknar sem ekki skrá upplýsingar í Heilsu í samræmi við 4. gr. reglugerðarinnar eða nota aðgang sinn til uppflettingar í ósamræmi við 6. gr. skulu sæta viðurlögum og áminningu í samræmi við 1. mgr. 18. gr. laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

• Skráningarskylda

- Í nýja skrángarkerfið HEILSU ber dýralæknum að skrá notkun og ávísun lyfseðilsskyldra lyfja í dýr. Skráningarkerfið hefur þegar verið tekið í notkun fyrir nautgripi og hross og munu aðrar dýrategundir fylgja í kjölfarið. Tilgangur skráningarinnar er að stuðla að aukinni dýravelferð og neytendavernd með því að auðvelda yfirvöldum að hafa eftirlit með lyfjanotkun í dýrum og lyfjaleifum í búfjárafurðum.

Takk fyrir!

www.mast.is

